

Nd.

342. Nefndarálit

[18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum, en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar (GislG, ÁkJ og KGuðj) sér ekki ástæðu til að mæla með samþykkt frv., en leggur til að vísa því til ríkisstjórnarinnar.

Með hliðsjón af þeirri mikilvægu þörf, sem Fiskveiðasjóður hefur fyrir aukið fjármagn til að geta sinnt þeirri aðkallandi lánastarfsemi, sem löggjöfin frá 1955 kveður á um, er það álit minni hlutans, að Alþingi geti ekki skorazt undan þeirri skyldu sinni að sýna viðleitni til að tryggja sjóðnum aukið starfsfé, og mælir því eindregið með samþykkt frv.

Þar sem fjárlög hafa þegar verið afgreidd fyrir yfirstandandi ár, flytur minni hl. breytingartillögu við 1. gr. frv., að framlag ríkissjóðs, 12 millj. kr. á ári, verði veitt í fyrsta sinn á árinu 1958.

Leggur minni hl. því til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: í fyrsta sinn á árinu 1958.

Alþingi, 12. marz 1957.

Sigurður Ágústsson, Pétur Ottesen.
frsm.